

Tilmæli 15/2023  
Tillaga A 1940/UVN  
Afgreiðsla Norræna velferðarnefndin

## Þingmannatillaga um geðheilsu barna og ungmenna

Með vísan í 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 2. nóvember 2023 eftirfarandi tilmæli að tillögu norrænu velferðarnefndarinnar.

### Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

- að skýrslunni um áhrif COVID-19 á geðheilsu ungs fólks verði fylgt eftir með því að skipst verði á reynslu og góðum dæmum um aðgerðir sem skilað hafa sér í bættri geðheilsu ungs fólks.
- að við þekkingaröflun verði sérstaklega litið til þess hvort ákveðnir hópar á meðal ungs fólks glími við meiri erfiðleika í daglegu lífi sínu og séu í sérstakri þörf fyrir aðgerðir.
- að vinnan í tengslum við núllþol gagnvart sjálfsvígum verði hluti af vinnunni varðandi geðheilbrigðisvanda.
- að kanna möguleika á greiningar- og meðferðarábyrgð fyrir ungt fólk á Norðurlöndum sem á við geðheilbrigðisvanda að etja.

Ósló, 2. nóvember 2023

Erkki Tuomioja  
forseti Norðurlandaráðs

Kristina Háfoss  
framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs